



**Mennta- og barnamálaráðherra,
Inga Sæland**

Afrit: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, skólameistari FSN

Grundarfirði, 1. júní 2026.

Kæri ráðherra!

Ég hef verið svo lánssöm að hafa fengið að sitja í skólanefnd Fjölbrautaskóla Snæfellinga frá stofnun skólans 2004 eða í um 22 ár, sem og í undirbúningsnefndum fyrir stofnun skólans 2000-2004, en samtals eru þetta um 26,5 ár.

Nú er komið að leiðarlokum. Í næstu viku læt ég af störfum sem bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar, starfi sem ég gegndi 1995-2006 og 2018-2026. Við þau tímamót óska ég eftir að verða leyst frá störfum í skólanefnd. Ég er skipuð af ráðherra sem annar af tveimur fulltrúum sveitarfélaga á Snæfellsnesi (Grundarfjarðarbæjar, Snæfellsbæjar og Sveitarfélagsins Stykkishólms) skv. skipunarbréfi dags. 1. nóvember 2023. Skipunartími skólanefndarinnar er til 24. október 2027, en ég óska eftir að verða leyst undan starfsskyldum með skipun annars fulltrúa tilefndum af sveitarfélögunum eða með ákvörðun um að varamaður taki sæti mitt.

Við þetta tilefni vil ég láta fylga neðangreinda upprifjun á tilurð og stofnun Fjölbrautaskóla Snæfellinga, en af lestri pistilsins sést vel hvers virði skólinn er okkur Snæfellingum.

Neðangreind upprifjun var sett fram í ávarpi og samantekt sem ég flutti á 20 ára afmælishátíð FSN 30. ágúst 2024. Þessi orð eiga við enn í dag; skólinn okkar, FSN, er óskabarn Snæfellinga, sannur hornsteinn í héraði og mikilvægur hlekkur í keðju íslensks framhaldsskólastigs, ekki síst fyrir frumlega nálgun og hugmyndafræði.

Það er mín einlæg ósk að þessi sérstaða og gæði FSN fái að njóta sín á komandi árum og að ráðherra(r) og annað ráðafólk um þróun á framhaldsskólastigi sjái mikilvægi þessarar sérstöðu, gildi skólans fyrir sitt heimahérað og hlúi að skólanum. Hann á það sannarlega skilið.

Ég þakka fyrir það traust sem ráðherrar hafa sýnt mér með skipun í skólanefndir FSN allt frá árinu 2004 og þakka um leið meðnefndarfólki, starfsfólki, nemendum og öðrum fyrir frábært samstarf, með von um farsæld í starfi skólans um ókomna tíð.

Björg Ágústsdóttir,

bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar, formaður skólanefndar FSN 2013-2026 og fulltrúi í skólanefnd frá stofnun skólans 2004, fulltrúi sveitarfélaganna á Snæfellsnesi í undirbúningishópi ráðherra 2003-2004 og formaður undirbúningsnefndar sveitarfélaganna 2000-2003.



***Upprifjun um tilurð og stofnun Fjölbrautaskóla Snæfellinga;
erindi flutt á 20 ára afmælishátíð FSN, 30. ágúst 2024***

Björg Ágústsdóttir, formaður skólanefndar FSN, bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar

Þingmenn, skólameistarar, kennarar, fyrrverandi nemendur og núverandi – og aðrir kærir gestir!

Það er með mikilli ánægju og stolti, sem ég býð ykkur velkomin til þessa 20 ára afmælisfagnaðar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Rétt eins og önnur afmælisbörn, á skólinn sína sögu, frá upphafi og til dagsins í dag – sem við hæfi er að rifja upp og heiðra, á svo merkum tímamótum. Við skulum feta saman örfá skref eftir stíg minninganna, sem hefur leitt okkur hingað saman í dag.

Það var um aldamótin síðustu að sveitarstjórnarfolk á Snæfellsnesi fór að tala fyrir þeirri hugmynd að stofnaður yrði framhaldsskóli á svæðinu. Framhaldsdeild [frá Fjölbrautaskólanum á Akranesi] hafði verið starfrækt í Stykkishólmi og sérstakt þróunarverkefni um fjarnám á framhaldsskólastigi [kennsla frá Verkmenntaskólanum á Akureyri] í Grundarfirði. Upplýsingatæknin var í gríðarlegri uppsveiflu og margir voru orðnir móttækilegir fyrir tækifærunum sem sú þróun gaf fyrirheit um.

Í ársbyrjun 2000 stofnuðu sveitarfélögin undirbúningshóp, sem átti að skoða möguleikann á okkar eigin framhaldsskóla. Ég var svo heppin að fá að leiða þann góða hóp [ásamt Eyþóri Benediktssyni aðstoðarskólastjóra Grunnskólans í Stykkishólmi og Sveini Þór Elinbergssyni skólastjóra Grunnskólans í Snæfellsbæ. Hópurinn skilaði af sér greinargerð, að lokinni rannsóknarvinnu og heimsóknum í nokkra minni framhaldsskóla landsins.

Niðurstaða hópsins var á þá leið, að framhaldsskóli ætti að vera raunhæft markmið fyrir Snæfellsnes – en að veikleika minni framhaldsskóla bæri að taka alvarlega. Lykillinn að því að yfirvinna þá veikleika væri hagnýting upplýsingatækninnar! – Það gildi nefnilega, að enginn lítill skóli gæti kennt alla nauðsynlega áfanga, sem hann þyrfti að bjóða - en allir gætu kennt einhverja áfanga. Með aðstoð tækninnar gætu skólar skipst á að bjóða áfanga í fjarnámi og okkar nemendur gætu tekið viðbótaráfanga, kennda í fjarnámi frá öðrum skólum, með stuðningi heima fyrir. Þetta hljómaði, fyrir nær 25 árum, alls ekki eins sjálfsagt og það hljómar í dag. Fleiri spennandi breytingar voru handan við hornið og tónninn var sleginn strax í upphafi – fyrir nýjum kennsluháttum og „óhefðbundnum“ skóla, á svo margvíslegan hátt.



Og þar með hófst samtalið við ríkisvaldið. Greinargerð undirbúningshópsins var send Birni Bjarnasyni, þáverandi menntamálaráðherra sem rökstuðningur með beiðni sveitarfélaganna um stofnun framhaldsskóla á svæðinu.

Því fylgdi skrifleg staðfesting sveitarfélaganna á, að þau væru meira að segja búin að leysa það allra vandasamasta í málinu, nefnilega hvar skólinn ætti að vera staðsettur (og það var atriði sem þurfti að vinna í, trúið mér).

Og til að gera langa sögu stutta þá hófst þar mikil og lærdómsrík vegferð, vinna og málflutningur fyrir þessu brýna hagsmunamáli Snæfellinga – þar til loks þann 6. febrúar 2003, að menntamálaráðherra, sem þá var Tómas Ingi Olrich, lýsti því yfir að hafinn yrði undirbúningur að stofnun framhaldsskóla á norðanverðu Snæfellsnesi.

Fréttin spurðist út og Snæfellingar flögguðu íslenska fánanum og fögnuðu ákvörðun um að skólinn yrði stofnaður – það var hátíð í bæ og sveit! Fólk var fullt eftirvæntingar, bjartsýni – og GLEÐI!

En rifjum aðeins upp af hverju Snæfellingar lögðust svo fast á áráttina í þessu máli.

Við vissum að hjá okkur var menntunarstig umtalsvert lægra en á öðrum landsvæðum, fjölskyldur hefðu ekki endilega efni á að senda unglingana sína til náms og brottfall var meira. Hækkaður lögræðisaldur skv. nýlegum lögum og breytt samfélagsleg viðhorf kölluðu á að börn væru ekki lengur send 15-16 ára í burtu, auk þess sem við vissum að tækifæri og „arðsemi“ spretta af gróskumikilli kynslóð – að hafa þennan hóp heima gjörbreytti svo mörgu!

Snæfellingar töldu að með því að leggja áherslu á góða menntun í heimabyggð væri verið að stíga eitt veigamesta skrefið sem hægt væri, til eflingar byggðar og samfélags á Snæfellsnesi. Framhaldsskólinn var ósk íbúanna um að njóta þeirra gæða sem samfélag 21. aldarinnar gerði kröfur til.

Og sannarlega varð skólinn ein langbesta byggðaaðgerð sem hægt er að hugsa sér; óskabarn heimamanna og ráðuneytisins sömuleiðis, sem stillti upp faglegu, fyrirmyndar skipulagi fyrir komandi stórverkefni þar sem aðferðum verkefnastjórnunar var beitt á skilvirkan hátt.

Undirbúningshópur eða verkefnisstjórn ráðuneytis og sveitarfélaga var stofnaður, fulltrúi sveitarfélaganna í þeim hópi var undirrituð. Hrönn Pétursdóttir var ráðin verkefnisstjóri, af menntamálaráðuneytinu. Vinnuhópar með fjölda manns tóku til starfa vorið og sumarið 2003, með fulltrúum nemenda, foreldra, fulltrúum skóla og íþrótta innan og utan svæðis o.fl. – mótuð var framtíðarsýn og markmið sett um skólastarf og aðstöðu.

Sveitarfélögin réðust í það stórvirki að byggja húsnaði fyrir skólann og sérstök húsnaðisnefnd tók til starfa 3. apríl 2003. Húsnaðið átti ekki að vera með hefðbundnum kennslustofum heldur var byggingin hönnuð og aðlöguð þeirri námstilhögun og skólastarfi sem stunda átti í húsinu. Og skólastarfið var sannarlega fullt af nýjungum, bæði í kennsluháttum og annarri starfsemi – sem kallaði því á óhefðbundið skólaumhverfi, í byggingu með opnu rými sem þekktist ekki í öðrum skólum á sama stigi.



En áskorun sveitarfélaganna fólst ekki eingöngu í að byggja óhefðbundið hús, heldur átti það að gerast á innan við 18 mánuðum! Það þurfti að finna fjárhagsmódel fyrir svo óhefðbundna verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í húsnæðismálum, semja við ríkið um fyrirkomulag og leigugreiðslur, ráða hönnuði í þetta sérstaka verk, ráða verktaka og koma þeim af stað ... ooog byggja! – Ég endurtek: á innan við 18 mánuðum!!

Sveitarfélögin stofnuðu félag, Jeratún ehf., í desember 2003, til að koma fram út á við og halda utanum flókið viðfangsefni, þessa miklu fasteign í eigu sveitarfélaganna og hefur það reynst góð ákvörðun æ síðan. Þann 17. desember 2003 var fyrsta skóflustungan tekin að þessu húsi, en það gerði Sturla Böðvarsson, páverandi fyrsti þingmaður kjördæmisins og samgönguráðherra.

Sérstakur ráðgjafarhópur starfaði um tækni- og búnaðarmál skólans og kennslufræðingur var ráðinn til starfa vorið 2003 vegna undirbúnings, Jóna Pálsdóttir.

Í nóvember 2003 tóku grunnskólanemendur í 10. bekkjum á svæðinu sig til og stofnuðu fyrsta nemendaráðið, með aðstoð Hrannar Pétursdóttur verkefnisstjóra, enda voru þau á leiðinni í glænýjan framhaldsskóla – og ætluðu svo sannarlega að sjá til þess að félagsstarf yrði öflugt og gefandi, eftir 9 heila mánuði, þegar framhaldsskólalífið hæfist!

Í lok árs 2003 komst FSN í fyrsta sinn á fjárlög [ársins 2004] – og þá mátti skipa skólanefnd. Fyrsti formaður var Kjartan Páll Einarsson úr Stykkishólmi, sem var einstaklega flinkur í sínu hlutverki. Undirrituð tók ennfremur sæti í nefndinni og hef setið þar óslitið síðan.

Nefndarinnar beið það fyrsta hlutverk að veita ráðherra umsögn við ráðningu skólameistara, Guðbjargar Aðalbergisdóttur, sem tók til starfa í upphafi árs 2004, enda margt sem hún þurfti að láta til sín taka á komandi mánuðum, þó skólastarf hæfist ekki fyrr en að hausti.

Ef gripið er niður í fundargerð stjórnar Jeratúns ehf. þann 20. ágúst 2004, 10 dögum fyrir fyrstu skólasetningu í húsinu, þá segir þar orðrétt, ritað af þeirri sem hér stendur og var þá framkvæmdastjóri félagsins:

1. Ásgeir [Valdimarsson, formaður stjórnar] fór yfir hvenær hugsanlega væri hægt að fara inn í bygginguna.
2. Björgvin [Magnússon, eftirlitsmaður byggingarframkvæmda] taldi útilokað að hefja starfsemi í húsinu fyrr en 29. ágúst.
Guðbjörg [Aðalbergisdóttir, skólameistari] sagði frá því að hún þyrfti nauðsynlega að komast inn í húsið ekki síðar en 25. ágúst. Rætt var um þá möguleika sem **hugsanlega** eru fyrir hendi til að undirbúningur skólastarfs gæti gengið upp á sem bestan hátt.
3. Farið á byggingarstað og framkvæmdir skoðaðar.
4. Ákveðið að eftirlitið hafi samband við Loftorku og óski eftir því að fá stjórnunarálmuna afhenta miðvikudaginn 25. ágúst eða fimmtudaginn 26. ágúst í síðasta lagi.



Í fyrstu stjórn Jeratúns ehf. sátu Ásgeir Valdimarsson, bæjarfulltrúi Grundarfirði, formaður, Kristinn Jónasson bæjarstjóri Snæfellsbæ, Óli Jón Gunnarsson bæjarfulltrúi Stykkishólmsbæ. Framkvæmdastjóri Jeratúns ehf. var Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar.

Og þann 30. ágúst 2004 var skólinn settur í fyrsta sinn, við hátíðlega athöfn, í hluta hússins, af þáverandi menntamálaráðherra Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur – og þann 7. janúar 2005 bauð Jeratún ehf. í vígsluathöfn fullbúins húss!

Það er of langt mál að telja upp alla sem að komu og lögðu hönd á plóginn, en þeir voru fjölmargir.

Í undirbúningi sögðum við Snæfellingar hátt og skýrt, að við vildum ekki bara einhvern framhaldsskóla, við vildum góðan framhaldsskóla, fyrir unga fólkið okkar – skóla með skýra sýn og sérstöðu, og metnað til að gæta þessarar sérstöðu, skóla sem hefði burði til að þróa nýjungar samhliða því að standa vörð um gæðin í skólastarfinu.

Skólinn okkar hefur notið þess frá upphafi að hafa gott og metnaðarfullt starfsfólk. Hann er sannkallaður "hornsteinn í héraði" en við vitum jafnframt, að við þurfum alltaf að vera á tánum.

Persónulega hef ég og mín fjölskylda notið þess ríkulega, eins og fjölmargar aðrar fjölskyldur, að búa að góðum skóla í heimabyggð. Bæði börnin okkar hjóna gengu í FSN, og þegar að því kom, eins og gengur með ungt fólk, að það vill endilega breyta til, breiða út vængina og finnst það góð hugmynd að skipta um framhaldsskóla, þá setti „leiðinlega“ mamman niður fótinn og sagði „nei – við eigum þennan ljómandi fína skóla og það er algjör óþarfi að fara strax“!

Kæru vinir!

Það var ákall Snæfellinga, frumkvæði þeirra og samstaða (sveitarstjórnarfólks og íbúa), þéttur stuðningur þingmanna kjördæmisins og fagleg nálgun ráðherranna og þeirra fólks, sem var grunnurinn að stofnun skólans, auk afbragðs starfsfólks.

- Tuttugu ár eru nógu langur tími fyrir framhaldsskóla til að sanna gildi sitt og mikilvægi, fyrir nemendur, fyrir samfélögin okkar og fyrir íslenskt samfélag.
- Nógu langur tími til að sanna að framúrstefnulegir kennsluhættir virkuðu, þrátt fyrir efasemdarraddir -
- ... og að hið óhefðbundna skólahúsnæði næði að þjóna hlutverki skólans vel – og að á það mætti læra og aðlaga með tímanum.
- Tuttugu ár eru nógu langur tími til að festa sig í sessi sem framúrskarandi dreifnámsskóli, sem sinnir námsþyrstum nemendum víðsvegar í heiminum með sömu aðferðum, á sama tíma og nemendum á staðnum – og með framhaldsdeild á sunnanverðum Vestfjörðum.



- Nægur tími til að metnaðarfullu kennararnir okkar hafi í áraraðir verið eftirsóttir fyrirlesarar sem boðið er að kynna nýjungar í skólastarfi við fjölmörg tækifæri.
- Tuttugu ár eru líka nógu langur tími til að ná þeim frábæra árangri að eldri nemendur skólans séu nú orðnir kennarar nýjustu nemendanna – og að FSN sé eftirsóttur vinnustaður.
- Og nægilega langur tími til að útskrifa rétt um 600 nemendur, frá fyrstu útskriftinni í desember 2005 (til vors 2024) – nemendur sem hefðu þurft að flytja í burtu eða hefðu jafnvel ekki lokið námi, hefði skólans okkar ekki notið við.

Já kæru vinir – í 20 ár hefur skólinn okkar sannað að hann var og verður óskabarnið okkar!

En eins og með öll börn, þá þarf að hlúa að og rækta.

Við þurfum áfram að sýna metnað, vera framsækin og standa saman um skólann okkar!

Ég er ekki í nokkrum vafa um að næstu 20 ár verða ekki síður til góðs og gæfu fyrir skólann, fólkið og samfélögin okkar!

Til hamingju FSN – til hamingju við öll!

Björg Ágústsdóttir, formaður skólanefndar FSN, 30. ágúst 2024.
